

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 3 – 2025

Staður: Teams

Tími: þriðjudagur 11. febrúar 2025 kl. 13:15

Fundinn sátu: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Haukur Þórðarson, Jóhanna Gísladóttir, Þórunna Jónsdóttir, Ingiberg Daði Kjartansson, Birgir Þór Haraldsson og Guðmundur Fertram Sigurjónsson.

Álfheiður Marinósdóttir kennslustjóri var gestur fundarins undir liðum 1 og 2, Jón Hjalti Eiríksson lektor undir lið 2 og Sveinn Aðalsteinsson framkvæmdastjóri Orkideu undir lið 3.

1. Starfsáætlun 2025-2026

Álfheiður Marinósdóttir mætti á fundinn og kynnti tillögu að starfsáætlun 2025-2026. Starfsáætlunin samþykkt samhljóða.

2. Ný námsleið í samstarfi við Háskóla Íslands - MSc - Sustainable agriculture and rural development

Jóhanna Gísladóttir, Jón Hjalti Eiríksson og Álfheiður Marinósdóttir kynntu tillögu að nýrri námsleið (kjörsvið undir búvísindum), meistaranám í sjálfbærum landbúnaði og byggðaþróun. Námið er boðið í samstarfi við umhverfis- og auðlindafræði Háskóla Íslands og var undirbúningsvinnan unnin með styrk frá Samstarfssjóði háskólanna. Samþykkt samhljóða að bjóða upp á námið, enda styður það við núverandi námsleiðir, EnCHiL og Restoration Ecology, sem kenndar eru á ensku.

3. Orkidea - verkefnastaða

Sveinn Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri [Orkideu](#), fór yfir helstu verkefni Orkideu. Orkidea er samstarfsverkefni LbhÍ, Samtaka sveitarfélaga á Suðurlandi, Landsvirkjunar og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis. Á undanförunum árum hafa stórir rannsókn- og nýsköpunarstyrkir fengist, ber þar hæst Terraforming Life sem styrkt er af LIFE sjóðnum og Value4Farm sem hlaut styrk frá Horizon. Sveinn fór yfir verkefni og svaraði spurningum háskólaráðsfulltrúa. Háskólaráð óskar Orkideu til hamingju með árangurinn.

4. Starfsþróunarstefna uppfærð

Uppfærð starfsþróunarstefna var lögð fram til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

5. Hlaðan í Halldórsfjosi á Hvanneyri

Rektor kynnti teikningar sem útbúnar hafa verið með tillögu að framtíðarskipulagi hlöðunnar í Halldórsfjósi. Tillagan snýr að því að koma upp veitingastað í öðrum endanum og fjölnota sal í hinum endanum sem myndi hýsa RAMSAR sýningu og vera fjölnotasalur undir fundi og aðra viðburði. Unnt væri að hafa opið á milli endanna. Þá var tillaga um að aðalinngangur í safnið yrði á langhlið hlöðunnar. Tillögurnar fengu góðar undirtektir. Næsta skref er að kynna málið fyrir FSRE, leggja mat á kostnað og vinna að fjármögnun.

6. Heimsókn í búin

Ákveðið að halda staðfund í apríl og færa hann til 11. apríl. Bú skólans verða heimsótt. Varafulltrúum háskólaráðs verður boðið og einnig Daða Má fráfarandi háskólaráðsfulltrúa.

7. Mál til kynningar

- a. Auðgandi landbúnaður (regenerative agriculture) - málþing á Hótel Hilton 2. apríl, haldið að frumkvæði bænda og með styrk frá bandaríska sendiráðinu. Þrír sérfræðingar koma frá Bandaríkjunum og halda erindi.
- b. Árshátíð í Iðró 7. mars – Háskólaráðsfulltrúar munu fá boðskort sent.
- c. Samningur við LOGS í undirbúningi – Unnið er að samstarfssamningi við Land og skóg, samningurinn snýr sérstaklega að skógfræðitengdum þáttum.
- d. Samningar við MAR í undirbúningi – Tveir samningar við MAR eru á lokastigum, annars vegar þriggja ára framhaldssamningur um rannsóknir og þjónustu og hins vegar framhaldssamningur um kynbætur á korni.
- e. UNIGreen fundur í Almeria í næstu viku – Árlegur aðalfundur UNIGreen samstarfsins verður haldinn á Spáni 17.-19. febrúar.
- f. Ársfundur 13. maí – Ársfundur Lbhí verður haldinn í Reykjavík að þessu sinni. Framkvæmdastjórn vinnur að dagskrá.
- g. Uppbygging á Hesti – Nýtt loftræsikerfi er komið upp á Hestbúinu og fóðurbúnaður hefur verið pantaður. Tiltekt hefur farið fram innanhúss með ýmsum lagfæringum og kaupum á verkfærum.
- h. Deildarforseti / kennsluforseti – í skoðun að fresta umsóknarfrestum um tvær vikur á ný.